

Ákærða ber að dæma til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun, kr. 8.000.00, er renni til ríkissjóðs, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dómur þessi er kveðinn upp af þremur sakadómurum eftir ákvörðun yfirsakadómara og samkvæmt heimild í 3. mgr. 5. gr. laga nr. 82/1961.

Dómsorð:

Ákærði, Lárus Stefánsson, sæti fangelsi í 12 ár.

Gæzluvarðhaldsvist ákærða síðan 13. maí 1964, eða samtals í 210 daga, komi að fullu refsingu hans til frádráttar.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 8.000.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. júní 1965.

Nr. 146/1946. **Ákæruvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Karli Júlíusi Stefánssyni

(Þorvaldur Þórarinnsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramir Þórður Eyjólfsson, Einar Arnalds, Gizur Bergsteinnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór B. Lindal.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra nýrra gagna í málinu, en eigi leiða þau til breytingar á héraðsdómi, sem staðfesta ber með skírskotun til forsendna hans að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar er ákveðinn 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns í Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Karl Júlíus Stefánsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmans, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. apríl 1964.

Ár 1964, fimmtudaginn 16. apríl, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Ármanni Kristinssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 2423/1964: Ákærvaldið gegn Karli Júlíusi Stefánssyni, sem tekið var til dóms 13. þ. m.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 5. október 1963, höfðað gegn ákærða, Karli Júlíusi Stefánssyni símamanni, Karfavogi 21, Reykjavík, fyrir að aka aðfaranótt laugardagsins 25. maí 1963 í beinu framhaldi af neyzlu áfengis og undir áhrifum þess bifreiðinni R 11343 frá Vitastíg 17 í Reykjavík á Múlaveg, þar sem lögreglumenn handtóku ákærða um kl. 0420.

Telst þetta varða við 1. og 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfisvæðingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 24. nóvember 1937 að Vegamótum á Sel-tjarnarnesi. Sakavottorð hans hljóðar svo:

1955 19/9 Reykjavík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 46. gr. lög-reglusamþykktar, sbr. 6. gr. bifreiðalaga.

- 1956 13/4 Rvík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 5. og 20. gr. bifreiðalaga.
- 18/4 Rvík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 26. gr. bifreiðalaga.
- 14/5 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 26. gr. bifreiðalaga.
- 1957 25/1 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 15. gr. bifreiðalaga.
- 1958 28/2 Rvík. Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 15. gr. bifreiðalaga.
- 1959 25/9 Rvík. Sátt, 550 kr. sekt fyrir ökuhraða o. fl.
- 1961 27/9 Rvík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 15. gr. lögreglu-samþykktar.
- 1962 28/3 Rvík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir rangstöðu bifreiðar.
- 1963 12/8 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.

Málsatvik eru þessi:

Aðfaranótt laugardagsins 25. maí 1963, klukkan um 0420, handtóku lögreglumenn ákærða við bifreiðina R 11343, þar sem hún stóð á Múlavegi, hér í borg. Að sögn lögreglu var vél bifreiðarinnar ekki heit viðkomu. Ákærði neitaði að hafa ekið bifreiðinni. Hann var að álitum lögreglu undir áhrifum áfengis.

Ákærði hefur fyrir dómi játtað að hafa neytt áfengis frá klukkan um 1630 föstudaginn 24. maí 1963 og allt fram til þess tíma, er lögreglan handtók hann. Kvaðst hann hafa komizt undir áhrif þess klukkan um 1800 nefndan dag, og hefðu þau áhrif haldizt fram að handtöku. Ákærði sagðist hafa verið farþegi ásamt tveimur öðrum í bifreið sinni greint sinn, en henni hefði kunningjastúlka hans ekið. Hefðu þau horfið brott úr bifreiðinni á Múlavegi, þar sem bifreiðin hefði stöðvazt sökum benzinleysis. Nefndir farþegar báru hins vegar fyrir dómi, að þeir hefðu all-löngu áður farið úr bifreiðinni og þá við heimili sín. Stúlka sú, sem ákærði sagði, að hefði ekið bifreiðinni á Múlavegi, kvaðst hafa farið úr bifreiðinni við heimili sitt við Vitastíg, ákærði þá verið einn í bifreiðinni, og sagðist hún hafa séð hann aka bifreiðinni brott frá heimili sínu. Öll vitnin töldu, að ákærði hefði verið undir áfengisáhrifum. Þá er ákærða höfðu verið kynntir vitnaframburðir, svaraði hann svo orðrétt: „Ég man það ekki, ef ég hef keyrt bílinn.“

Tekið var sýnishorn úr blóði ákærða, er sýndi reducerandi efni, er samsvara 0.94% af alkóhóli.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar og með eigin fram-burðir ákærða um áfengisneyzlu og framburðum vitna, sem eru í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi

gerzt sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar rétt færð til refsíákvæða.

Þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin 3.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald 10 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Svo sem krafizt er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, ber að svipta ákærða ökuréttindum í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns, kr. 2.500.00.

Dómsorð:

Ákærði, Karl Júlíus Stefánsson, greiði 3.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 10 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 6 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Þorvalds Þórarinssonar hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns, kr. 2.500.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.
